

**Sp. 609. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]**  
um breyting á gjaldskrá landssímans.

Flm.: Gylfi Þ. Gislason og Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að gjaldskrá landssímans verði breytt þannig, að ekki verði innheimt fjarlægðargjald af símanotendum í þéttbýlustu byggðahverfunum í nágrenni Reykjavíkur.

**Greinargerð.**

Afnotagjald af heimilissíma í Reykjavík er nú 180 kr. á ársfjórðungi og auk þess 20 aurar fyrir hvert samtal, sem er umfram 800 samtöl á ársfjórðungnum. Þessi gjaldskrá gildir fyrir Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossveg beina leið í Fossvog. Utan þessara takmarka er reiknað fjarlægðargjald, 15 kr. ársfjórðungslega, fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en 20 kr. fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir.

Í nágrenni Reykjavíkur eru nú ýmis þéttbýl byggðahverfi, fyrst og fremst í Kópavogi og fyrir ofan Elliðaár. Notendur síma á þessum stöðum verða að greiða framangreint fjarlægðargjald og auk þess herra stofngjald en aðrir, sem bæjar-símakerfið nota. Veldur þetta því, að notkun síma verður mjög dýr á þessu svæði. Áður var fjarlægðargjald innheimt í ýmsum úthverfum Reykjavíkur, svo sem í Langholtsbyggð (Kleppsholti) og á Seltjarnarnesi. Frá því hefur verið horfið, svo sem eðlilegt og sanngjarnt var. Hætt hefur og verið að innheimta fjarlægðargjald í nágrenni Hafnarfjarðar. Er því kominn tími til að afnema það líka í næsta nágrenni Reykjavíkur. Engum er meiri nauðsyn á afnotum síma en einmitt þeim, sem í útjöðrum bæjarins búa, og því óeðlilegt að torvelda þeim notkunina með mjög háum afnotagjöldum. Sú verðjöfnun, sem í þessu felst, hefur mjög litla fjárhagsþýðingu fyrir landssímann og er smávægileg borið saman við þá miklu verðjöfnun, sem framkvæmd er milli kaupstaða annars vegar og dreifbýlisins hins vegar.